

30. júní 2020

UMBOÐSSAMNINGUR

milli

Kröfuhafa,

Reginn hf.

og

Íslög ehf.

70.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMI REGINN HF.
SÉRTÆKT TRYGGINGAFYRIRKOMULAG

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKILGREININGAR.....	1
3. STAÐA OG HÆFI UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFANA.....	2
4. HLUTVERK OG SKYLDUR UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFANA.....	3
5. HVENÆR SKAL BOÐA TIL KRÖFUHAFAFUNDA.....	4
6. BOÐUN KRÖFUHAFAFUNDA.....	5
7. TILHÖGUN KRÖFUHAFAFUNDA	5
8. ATKVÆÐISRÉTTUR Á KRÖFUHAFAFUNDUM	6
9. ÁKVARÐANATAKA Á KRÖFUHAFAFUNDUM.....	6
10. BREYTINGAR Á UMBOÐSMANNI KRÖFUHAFANA.....	7
11. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ.....	8
12. TRÚNAÐUR.....	8
13. BREYTINGAR OG TILKYNNINGAR.....	8
14. ÞÓKNUN UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFANA	9
15. LÖG OG VARNARÞING.....	9
16. GILDISTÍMI.....	9
17. ANNAÐ	9
VIÐAUKI I.....	12

Samningur þessi er gerður þann 30. júní 2020 („samningurinn“) og er á milli:

- 1) Þeirra aðila sem eru skráðir eigendur verðbréfanna, í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa („**kröfuhafar**“);
- 2) Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogur („**útgefandi**“); og
- 3) Íslög ehf., kt. 690312-1150, Ránargötu 18, 101 Reykjavík („**umboðsmaður kröfuhafa**“).

1. INNGANGUR

- 1.1. Samningur þessi er gerður í tengslum við útgáfu flokks skuldabréfa sem útgefandi áætlar að gefa út í júlí 2020 að fjárhæð allt að 5.000.000.000 kr., til 30 ára og undir sértæka tryggingafyrirkomulaginu, („**verðbréfin**“) undir allt að 70.000.000.000 kr. útgáfuramma útgefanda, sbr. grunnlýsingu sem dags. 31. mars 2020. Útgefanda er heimilt að flytja skuldabréf sem tryggð eru með þessu sértæka tryggingafyrirkomulagi undir almenna tryggingafyrirkomulagið eins og nánar greinir í veðhafasamkomulaginu.
- 1.2. Í grunnlýsingunni er kveðið á um að skipa skuli óháðan umboðsmann kröfuhafa, fyrir hvern útgefinn verðbréfaflokk sem hefur það meginhlutverk að gæta hagsmuna þeirra eigenda verðbréfa sem gefin verða út undir viðkomandi flokki, og koma fram fyrir hönd þeirra.
- 1.3. Með samningi þessum er skipaður umboðsmaður kröfuhafa fyrir verðbréfin og undirgengst umboðsmaður kröfuhafa að gegna þeim skyldum sem honum eru faldar í samningi þessum og sem leiða af skilmálum verðbréfanna og grunnlýsingunni.
- 1.4. Umboðsmaður kröfuhafa er í upphafi ráðinn af útgefanda. Starfsskyldur umboðsmanns kröfuhafa eru þó alfarið gagnvart kröfuhöfum, og öðrum sem eiga kröfur sem tryggðar eru samkvæmt sértæka tryggingafyrirkomulaginu. Útgefandi hefur ekkert boðvald yfir umboðsmanni kröfuhafa og er ekki heimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í samningi þessum.
- 1.5. Sami umboðsmaður kröfuhafa skal vera fyrir alla kröfuhafa verðbréfanna og skal hann gæta hagsmuna allra kröfuhafa jafnt.

2. SKILGREININGAR

Í þessum samningi skulu eftirfarandi hugtök hafa eftirfarandi merkingu:

„**Aðildaryfirlýsing**“ merkir yfirlýsingu um aðild nýs umboðsmanns kröfuhafa að samningi þessum sem er viðauki við samning þennan.

„**Almenna tryggingarfyrirkomulagið**“ merkir það fyrirkomulag trygginga sem stofnað var til þann 9. maí 2017 með útgáfu veðsamnings-tryggingarbréfs og undirritun veðhafasamkomulags og samnings við staðfestingaraðila.